

Skólaráðsfundur 4. okt 2021 kl. 8.00

Mætt Brynhildur, Teitur, Hildur, Anna Rut

Dagsetningar fyrir fundi yfir skólaárið.

6.des kl 8.00-9.00

7.feb kl 8.00-9.00

4.apríl kl 8.00-9.00

23.maí kl 8.00-9.00

Breytingar á stjórnaritari í skólanum ræddar.

Óskýrt ennþá fyrir foreldraráði hvaða nefndir eru. Ósk frá Brynhildi og Teiti að setja inn lista yfir nefndir á heimasíðu bæði hátíðarnefndir, Oikos og Vox cultura.

Sagt frá fjármálum skólans. Breytingum sem hafa átt sér stað í starfsmannahaldi. Tilkynnt að við áttum fyrir launum. Þurftum ekki að taka lán fyrir þeim.

Nokkuð ánægð með fjárhafsstöðuna núna. Þurfum að taka frá 2.5 miljónir á mánuði til að eiga fyrir sumarmánuðum.

Hvernig stendur skólinn starfmannalega. Nokkrir í veikindaleyfi. Nýr matráður kominn til starfa. Þurfum að ráða inn afleysingar í stað þeirra sem eru í veikindaleyfi.

Gengur vel með nýtt starfsfólk.

Sagt frá gestakennurum sem við eigum von á í vetur. Sagt frá að skólinn vilji að Marjana og Katarina sem eru gestir frá Svíþjóð haldi fræðslu fyrir foreldra.

Sagt frá Maríu og Ívari sem eru í vinnu með unglíngadeildinni. Sagt frá vali hjá unglíngum. Tungumál í boði, táknmál, hollenska og finnska.

Foreldraráð sá til þess að núna erum komnir foreldrar í basarnefnd.

Meiri óskir um að það sé skýrt frá skóla í hvað basarpeningar fari.

Tókum 300 þús fyrir töflum. Eigum enn 4.7 frá síðasta basar.

Talað um að það sé kominn tími til að hækka laun.

Foreldraráð nefnir að hækka skólagjöld um 2000.- á mánuði, vert fyrir skólann að skoða það.

Vegurinn, segjum frá að við getum ekki samþykkt að framkvæmd fari í gang fyrr en samþykkt hefur verið betra aðgengi að skóla að Suðurlandsvegi.

Foreldraráð kynnir aðalfund hjá foreldrafélaginu í Okt – nóv. Tala á um svefn og heilsu. Erla Björns svefnráðgjafi mun koma með fyrirlestur á fundinn. Stefnt á samstarf við foreldrafélag Sólstafi.

Ný stjórn verður sett. Stjórn foreldrafélagsins vill breyta reglum um settan gjaldkera hjá félaginu því það er mikil vinna að skipta út gjaldkera.

Foreldrafélagið á 300.000.-

Krakkarnir óska eftir fleiri leikföngum.

Ákveðið var að kaupa þessa tegund af hitadúnkum sen keyptir voru því það er hægt að skipta um aukahluti, þeir eru frá Fastus.

Framtíðin með húsnæðismál skólans aðeins rædd aðeins.

Fundi slitið kl 9.00